

ÍSLANDSMÓT KJÖLBÁTA 2016

10. – 14. ágúst 2016

Siglingafélag Reykjavíkur – Brokey

Ingólfsgarði

KAPPSIGLINGAFYRIRMÆLI

1 REGLUR

Keppt verður samkvæmt reglum sem tilgreindar eru í Alþjóða kappsiglingareglum (RRS), kappsiglingafyrirmælum SÍL og kappsiglingafyrirmælum mótsins.

2 TILKYNNINGAR TIL KEPPENDA

Tilkynningar til keppenda verða birtar á tilkynningatöflu mótsstjórnar, sem verður á áberandi stað í félagsheimilinu á Ingólfsgarði.

3 MERKI Í LANDI

Merki í landi verða á flaggstöng á félagsheimilinu á Ingólfsgarði.

4 KEPPNISDAGSKRÁ

4.1 10. ágúst, mótið sett kl. 21:00, skipstjórafundur í beinu framhaldi.

11. ágúst, fyrstu keppni verður startað kl. 18:00

12. ágúst, fyrstu keppni verður startað kl. 16:00

13. ágúst, fyrstu keppni verður startað kl. 10:00

14. ágúst, varadagur

4.2 Einungis einn skipstjórafundur verður haldinn. Allar tilkynningar til keppenda verða birtar á upplýsingatöflu í húsnæði félagsins og í einhverjum tilvikum á sjó.

4.3 Keppni skal lokið kl. 16:00 þann 13. ágúst nema framlengja þurfi keppni fram á 14. ágúst vegna veðurs.

5 KEPPNISSVÆÐI

Keppt verður á sundunum fyrir utan Reykjavík (Rauðarárvík og Kollafirði).

6 BRAUTIRNAR

6.1 Teikningar í viðauka A sýna brautir, röð sem fara skal fyrir merki og hvoru megin skuli fara við þau. Þær sýna ekki hlutföll vegalengda milli merkja.

6.2 Viðauki A er ekki tæmandi. Brautir gætu verið öðruvísi en sýnt er þar. Ef notaðar verða aðrar brautir en sýndar eru í viðauka A verða þær teiknaðar á tússtöflu á keppnisstjórabát og þeim lýst í talstöð.

6.3 Það er á ábyrgð keppenda að kynna sér fyrirkomulag brautar.

7 BAUJUR

7.1 Notaðar verða plastbaujur, uppblásanlegar kappsiglingabaujur og siglingamerki eins og tilefni gefur til hverju sinni. Baujum verður lýst um leið og braut er tilkynnt.

7.2 Það er á ábyrgð keppenda að kynna sér fyrirkomulag á baujum, fjölda, í hvaða röð og hvoru megin skuli farið fyrir þær.

8 RÆSING

Keppni verður ræst samkvæmt reglu 26 með viðvörðunarkerki 5 mínútum fyrir rásmerki.

9 TÍMAMÖRK

Bátur sem ekki hefur farið yfir marklínu 45 mínútum eftir að fyrsti bátur kemur í mark telst ekki hafa lokið keppni (DNF) án kærumeðferðar. Þetta breytir reglu 35, A4 og A5.

10 KÆRUR OG BEIÐNIR UM LEIÐRÉTTINGAR

10.1 Frestur til að kæra eða biðja um leiðréttingar verður 90 mínútur eftir að síðasti bátur hefur klárað keppni. Þetta breytir reglum 61,3 og 62,2.

10.2 Útprentuð kærublöð verða tiltæk á skrifstofu Brokeyjar á Ingólfsgarði og einnig er hægt að nálgast þau á vefsíðu SÍL.

11 STIGAGJÖF

11.1 Stigagjöf verður samkvæmt lágstigakerfi í viðauka A (RRS).

11.2 Ef sigldar verða fleiri en fjórar umferðir þá verður þeirri lökustu sleppt.

12 BREYTINGAR Á ÁHÖFN

Ef bátur óskar eftir að skipta áhafnarmeðlimi út fyrir varamann skal tilkynna það til keppnisstjórnar. Ekki er heimilt að skipta um áhafnarmeðlimi án samþykkis keppnisstjórnar.

13 AUGLÝSINGAR

13.1 Bátar skulu sýna auglýsingar sem skipuleggjendur velja og láta í té.

13.2 Reglugerð 20 ISAF um auglýsingar gildir.

14 KÖFUNARBÚNAÐUR OG PLASTLAUGAR

Ekki skal nota öndunarbúnað til notkunar neðansjávar og plastlaugar eða samsvarandi búnað við kjölbáta frá því undirbúningsmerki fyrir fyrstu keppni er gefið og þar til móti lýkur.

15 FJARSKIPTI

15.1 Bátar skulu ekki hafa samskipti með talstöð sem ekki er aðgengileg öllum meðan þeir keppa nema í neyðartilvikum. Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma.

15.2 Keppnisstjórn notar rás 6 til samskipta.

15.3 Sími keppnisstjóra er 694 2314.

16 VERÐLAUN

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin. Einnig verður afhentur Íslandsmeistarabikarinn, sem er farandbikar.

17 TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR

Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá grunnreglu 4 í kappsiglingareglum ISAF, Ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda, líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við eða á, fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur.


18 TRYGGINGAR

Hver bátur skal vera tryggður með gildri ábyrgðartryggingu.

VIÐAUKI A

BRAUT A – „PULSA“

Start – 1 – 2 – 1 – 2 – mark



BRAUT B – „ÞRÍHYRNINGUR PULSA“

Start – 1 – 2 – 3 – 1 – 3 – mark

